

ÍSLE3YN05

Búið til: Mon, 12 Mar 2012 15:43:12 GMT

Titill

Yndislestur

Skammstöfun

ÍSLE3YN05

Útgáfunúmer

7

Námsgrein

Íslenska

Viðfangsefni

yndislestur

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum les nemandi 5 bækur af lista og að auki tvær fræðigreinar og bókmenntagagnrýni (dagblöð, tímarit, netið) tengdar bókmenntalestri sínum. Miðað er við að lestur hvernar bókar taki tvær vikur. Best er að lesa jafnt og þétt til að álagið verði sem jafnast. Engin tímasókn er í áfanganum en nemandi tilkynnir kennara hvaða bækur hann velur og heldur lestrar dagbók þar sem hann gerir grein fyrir lestrarreynslu sinni. Skrifa skal tvisvar í viku í dagbókina (fjórar færslur fyrir hverja bók) um það bil eina bls. (A4) í hvert sinn. Hverjum kafla lestrar dagbókarinnar skal skilað til kennara í tölvupósti eftir að lestri bókar er lokið. Þá skal nemandi mæta til viðtals við kennara, gera honum grein fyrir efni hvernar bókar munnlega og vera undirbúinn með valinn kafla úr bókinni og lesa upp. Nemandi verður að geta gert grein fyrir textavali sínu og sett það í samhengi við umræðu sína um bókina.

Forkröfur

Amk. 10 einingar af 2. þrepi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi tegundum bókmennta

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa sér til gagns og gamans bókmenntatexta frá mismunandi tímum
- flytja af öryggi vel byggða kynningu á bókmenntalegu viðfangsefni

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- átta sig á samfélagslegri skírskotun og ná dulðum boðskap og hugmyndum ...sem er metið með... skriflegum verkefnum og munnlegum samræðum
- tjá rökstudda afstöðu og taka þátt í málefnalegri umræðu um bókmenntir ...sem er metið með... skriflegum verkefnum og munnlegum samræðum
- sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum ...sem er metið með... skriflegum verkefnum og munnlegum samræðum

Námsmat

Lestrardagbók 50% Munnlegar greinargerðir 40% Kynning á fræðigrein 10%

Skólar**Fyrirmynd**